

Ár 2009, mánudaginn 14. september er dómþing Dómstóls Íþróttá- og Olympíusambands Íslands haldið af Halldóri Frímanssyni.

Fyrir er tekið:

**Mál nr. /2009
Lyfjaráð ÍSÍ
gegn
Garðari Birgissyni**

Upp er kveðinn svohljóðandi

úrskurður:

Mál þetta var kært til dómstólsins af hálfu kæranda, Lyfjaráðs ÍSÍ, þann 10. ágúst 2009 vegna meintrar lyfjamisnotkunar kærða þegar hann tók þátt í Íslandsmóti í kraftlyftingum að Varmá í Mosfellsbæ 18. apríl en kærði er félagsmaður Kraftlyftingadeildar UMFN

Samkvæmt grein 24.1 í lögum Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands er kærufrestur í málum er varða brot á 44. grein laga ÍSÍ fjórar vikur frá því að öll gögn málsins berast Lyfjaráði ÍSÍ.

Fyrir liggur í málinu að ekki var kært innan tilskilins fjögurra vikna frests og hefur kærandi af því tilefni sent dómnum bréf, dags. 3. september 2009 þar sem farið er fram á að málið verði tekið fyrir þrátt fyrir það með vísan til greinar 24.2 í lögum Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands. Færð eru fram rök og skýringar málinu til stuðnings í bréfinu.

Dómstóll ÍSÍ getur veitt leyfi til að mál sé höfðað eftir að kærufrestur er liðinn ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Þær ástæður sem fram eru færðar af hálfu kæranda fyrir því að vikið verði frá kærufresti laganna og heimilað að málið verði höfðað teljast ekki sérstakar.

Af framansögðu er ljóst að kærufrestur vegna framangreinds atviks er liðinn og er beiðni kæranda hafnað.

Úrskurð þennan kveður upp Halldór Frímansson, dómari í Dómstól ÍSÍ. Úrskurður þessi er sendur skrifstofu ÍSÍ með tölvupósti, en starfsmenn skrifstofunnar munu annast lögformlega birtingu úrskurðarins gagnvart málsaðilum.

Úrskurðarorð:

Máli Lyfjaráðs ÍSÍ gegn Garðari Birgissyni er vísað frá Dómstól ÍSÍ.

Halldór Frímansson
(sign)